

Nr. 20-097 S 065 Björgvin EA 311***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1937
IMO 8709808
Útgerð: Samherji Ísland ehf.
Smíðaður: Flekkefjord Noregi, 1988
Stærð: 498,8 brl. 1142,0 bt.
Mesta lengd: 50,53 m Skráð lengd: 48,48 m
Breidd: 12,0 m Dýpt: 7,3 m
Vél: Deutz 1.635 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 13



Björgvin©Vigfús Markússon

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. janúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 28. apríl 2020 var Björgvin EA 311 á togveiðum út af Húnaflóa. Veður: VSV 5 m/s.

Skipverjar voru að láta trollið fara þegar einn þeirra klemmdi vísfingur vinstri handar á krók sem notaður var til að hífa upp upphalarakeðju. Sárið var saumað saman með fjórum sporum.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn klemmdi fingurinn á milli króksins og lunningar;
- trollinu var slakað of mikið út og sylgjan sem hangir í hleranum reif upphalarann með sér niður;
- að eftir þetta var verklagi breytt og trollið stoppað af í rennunni þegar lásinn er tekinn úr upphalarakeðjunni;
- að skipverjinn á ennþá erfitt með að beygja fingurinn.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að trollið var ekki stöðvað þegar húkkað var úr upphalarakeðjunni.